



Hver vill leika óvin?

Það litu margir glaðan dag þegar bandaríski herinn hvarf á brott frá Íslandi með tæki sín og umsvif. Töldu sig hafa endurheimt landið og ný tækifæri til að móta eigin afstöðu, loksins lausir úr skugga þeirrar fylgispektar sem vera herstöðvarinnar hafði innrætt okkur í 55 ár.

En nú dregur bliku á loft. Á ný eru uppi hugmyndir um að nýta landið undir hergagnageymslu og lofthelgina fyrir æfingar hershöfðingja. Í þetta sinn er það hollenskt einkafyrirtæki sem býður í landið. Það skyldi þó ekki hafa frést af lítilþægni okkar og útsöluprísnum? Það skyldi þó ekki vera að sómakært fólk, í Hollandi eða annars staðar, kæri sig ekki um að leggja nafn sitt og lífsrými undir slíka starfsemi?

Ýmislegt er óljóst um einkarekna heriðnaðarfyrirtækið ECA programs sem hefur augastað á Keflavíkurflugvelli fyrir viðfangsefni sín og óljóst hvaðan fjármagn þess er tilkomið. En eitt er víst; það á ekki hag sinn undir því að friðvænlegra verði í heiminum. Hvers vegna þarf heimur í kreppu að leggja hundruð milljarða í flugvélar til að leika "óvininn". Og hver er hann? Hverjir aðrir en NATO-ríki eiga herþotur? Þurfum við að lána land svo NATO-herir geti æft árásir á herþotur Rússa? Varla eigum við að trúá því að NATO-hershöfðingjar séu farnir að huga að átökum við Kína, Indland eða Ísrael.

Eftir því sem leikföng í vitfirrtu hernaðarbrólti heimsins verða fleiri, fitna hermangarar eins og púkinn á fjósbitanum. Ef "vel" gengur er ekki ólíklegt að þessari starfsemi takist að gera sig notalega heimakomna hér. Að vísu gætu þá aukist líkurnar á því, að í augum einhvers óstöðugs yrði Keflavík rökrétt skotmark. Uppákomur af því tagi eru ekki með öllu óþekktar á vígaslóðum síðustu áratuga eins og margir hafa kennt á eigin skinni.

Í sáttmála núverandi ríkisstjórnar eru ákvæði um hvernig endurreisa skuli traust og orðspor Íslands á alþjóðavettvangi. Áhersla er m.a. lögð á baráttu fyrir friði og afvopnun og að framlag Íslands til friðargæslu í heiminum verði fyrst og fremst á sviði sátttaumleitana, uppbyggingar borgaralegra stofnana, jafnréttis- og mannúðarmála. Þetta er í hróplegu ósamræmi við hugmyndir um að leigja land og aðstöðu svo gera megi hermenn hæfari í að drepa fólk.

Við skorum á ríkistjórnina að hafna alfarið þessum háskalegu hugmyndum. Íslendingar nýrra tíma eiga að rísa upp, taka saman ábyrgð á því að láta drauminn um herlaust land og vopnlausu, ábyrgja þjóð verða að veruleika.

Mörkum okkar eigin sérstöðu.

Bindum ákvæði í stjórnarskrá um að Ísland sé her- og vopnalaust svæði og leggjum þannig lóð á vogarskálina fyrir afvopnun og betri heimi.

Guðrún Hannesdóttir og María S. Gunnarsdóttir sitja í stjórn Menningar- og friðarsamtakanna MFÍK